

**Ed.**

**536. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, viðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvilíkt, að skifta hreppi í tvær eða þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, ef þrjár eru, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögakveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslíð 9. gr. laganna komi: Kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.